

Ed.

574. Nefndarálit

[209. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á fundum sínum. Hafa verið fengnar upplýsingar um rekstrar- og kostnaðaráætlanir vegna stækkunar verksmiðjunnar. Eins og sjá má af greinargerð, sem prentuð er með frumvarpinu, hefur rekstur verksmiðjunnar gengið erfiðlega fram til þessa, bæði tæknilega og fjárhagslega. Rekstraráætlun, sem nefndinni hefur verið kynnt, sýnir, að hægt er að koma verksmiðjunni á fjárhagslega traustan grundvöll á ákveðnum tíma, ef stækkun fer fram, eins og hér er ráðgert. Iðnaðarnefnd mælir því með samþykkt frumvarpsins óbreytts, en nánari grein fyrir afstöðu einstakra nefndarmanna mun koma fram við framsögu. Minni hluti mun skila sérstöku nefndaráliti. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 28. apríl 1969.

Sveinn Guðmundsson,
form., frsm.

Jón Árm. Héðinsson,
fundaskr.

Jónas G. Rafnar.

Auður Auðuns.